

**Ræða Guðrúnar Ragnarsdóttur, formanns dómnefndar um Íslensku þekkingarverðlaunin 11. febrúar 2010.**

**Forseti Íslands, Herra Ólafur Ragnar Grímsson og góðir gestir.**

Þetta er í tíunda sinn sem Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga stendur fyrir afhendingu Íslensku þekkingarverðlaunanna. Það kemur í minn hlut að greina frá niðurstöðunni.

Í dómnefndinni voru auk mín Ingrid Kulman framkvæmdastjóri þekkingarmiðlunar, Sigurður Már Jónsson ritstjóri Viðskiptablaðsins og Sigurður Ólafsson starfsmannastjóri Keflavíkurflugvallar. Með dómnefndinni starfaði einnig Sigurlaug R. Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri FVH.

Það hefur verið mjög ánægjulegt að starfa með dómnefndarmönnum og framkvæmdastjóra FVH og vil ég nota tækifærið og færa þeim kærar þakkir fyrir vel unnin störf.

Dómnefndin starfaði í umboði stjórnar Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Verkefni dómnefndar var að velja það fyrirtæki sem er öðrum til fyrirmyndar sérstaklega á þeim erfiðu tímum sem við erum að ganga í gegnum.

Stjórn félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga ákveður með hvaða hætti skal unnið að því að komast að niðurstöðu um fyrirtæki ársins.

Í fyrsta lagi var þess farið á leit við félagsmenn Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga að þeir svöruðu vefkönnun þar sem tilnefna átti fyrirtæki sem þótti hafa skarað fram úr og sem viðkomandi teldi öðrum til fyrirmyndar. Jafnframt átti að tilgreina ástæður fyrir valinu á fyrirtækinu sem tilnefnt var. Þátttaka í vefkönnuninni var mjög góð og bárust 171 tilnefning. Fjögur fyrirtæki skáru sig þó úr og eru þau tilnefnd til þekkingarverðlaunanna og mun ég nú nefna þessi fjögur fyrirtæki í stafsrófsröð:

**CCP**

**Fjarðarkaup**

**Icelandair Group**

**Össur**

Allt eru þetta vel þekkt fyrirtæki sem hafa skarað fram úr hvert á sínu sviði en einnig eiga þau margt sameiginlegt.

Fljótlega eftir að dómnefndin var skipuð kom hún saman á fundum þar sem ákveðið var hvaða forsendur ættu að liggja til grundvallar við val á fyrirtæki ársins.

Dómnefndin studdist við nokkra lykilþætti sem þurfa að vera til staðar hjá fyrirmyndarfyrirtæki s.s. skýr framtíðarsýn, stefna og gildi sem endurspeglast í árangri fyrirtækisins s.l. 3 ár, skilgreindar aðgerðir sem styðja við þennan árangur, samfélagsleg ábyrgð, sterkar fyrirmyndir innan

fyrirtækisins sem síðan hafa áhrif á fyrirtækið í heild sinni og síðast en ekki síst að markvisst sé unnið að því að hlúa að mannauði og þar með þekkingarauði fyrirtækisins.

Það lá einnig fyrir dómnefndinni að heimsækja þau fyrirtæki sem voru tilnefnd og eiga fundi með æðstu stjórnendum þeirra. Fyrirtækin fengu sendan spurningalista með viðmiðum dómnefndar. Vil ég fyrir hönd dómnefndar þakka stjórnendum fyrirtækjanna fyrir góðar móttökur og þann tíma sem þau veittu okkur í heimsóknum okkar.

Fyrirtækið sem hlýtur þekkingarverðlaun Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga er sannkölluð fyrirmynd og sérstaklega hvað varðar mikilvægi þess að sýna ráðdeild og sníða sér stakk eftir vexti.

Um fyrirtækið segir m.a. í könnun sem gerð var meðal félagsmanna FVH að hér sé á ferðinni **gott dæmi um það hversu mikilvægt það er að þekkja uppruna sinn.**

Það er niðurstaða dómnefndar að **Fjarðarkaup** sé rétta fyrirtækið til að hljóta þekkingarverðlaun Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga að þessu sinni.

**Fjarðarkaup var stofnað árið 1973 og í þau 37 ár sem það hefur verið rekið hafa alltaf sömu grunngildin verið höfð að leiðarljósi – kolahagfræðin eins og þeir feðgar kalla það, og samfélagsleg ábyrgð. Kolahagfræðin er ekki**

flókin vísindi, en það getur reynst ýmsum erfitt að halda sér við fræðina, þ.e. að eyða ekki um efni fram og taka aldrei meira út úr fyrirtækinu en inneign er fyrir. Samfélagsleg ábyrgð er annað einkenni Fjarðarkaupa en feðgarnir leggja mikið upp úr því að allir fái eitthvað fyrir sinn snúð, hvort sem það eru birgjar, starfsmenn, viðskiptavinir eða eigendur.

Á þessum forsendum hefur Fjarðarkaup náð miklum árangri á sínu sviði sem m.a. felst í því að á 37 ára tímabili hefur fyrirtækið ávallt verið samkeppnisfært án þess að missa sjónar af sínum grunngildum. Sú trygging sem Fjarðarkaup hefur áunnið sér er að finna hjá starfsmönnum, viðskiptavinum og birgjum. Af þeim 100 starfsmönnum sem vinna hjá fyrirtækinu voru á síðasta ári 34 sem voru komnir með 10 ára starfsaldur eða meira. Í þessum geira er starfsmannaveltan gríðarlega mikil en þrátt fyrir það hefur Fjarðarkaup haldist vel á sínu fólki.

Það má segja að í kjölfar hrunsins haustið 2008 hafi Fjarðarkaup aftur komist í tísku. Veltan á síðasta ári jókst um 20% á milli ára og fjöldi heimsóknna um 12% á sama tíma. Fjarðarkaup hefur líka verið að sækja inn á ný mið og í dag býður verslunin upp á eitt mesta úrval í heilsuvörum.

Fjarðarkaup er ein-stök verslun, eins og þeir segja sjálfir, það er sannkölluð upplifun að versla þar enda brýna þeir fyrir sínum starfsmönnum að „Fjarðarkaup er ekki félagsmiðstöð eins og við eigum að venjast en hingað kemur fólk til að hitta mann og annan og því er

**mikilvægt að leggja áherslu á að fólki líði vel þegar það kemur í verslunina.“**

Ég vil biðja forseta Íslands, Herra Ólaf Ragnar Grímsson, að koma hingað og afhenda þekkingarverðlaunin og viðurkenningar fyrir tilnefningar til verðlaunanna.

Reykjavík, 11. febrúar 2010

Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri, formaður dómnefndar

Ingrid Kulman, framkvæmdastjóri

Sigurður Már Jónsson, ritstjóri

Sigurður Ólafsson, starfsmannastjóri